

2014 nr. 66 28. maí**Lög um fjármálastöðugleikaráð**

Tóku gildi 6. júní 2014. *Breytt með:* L. 71/2019 (tóku gildi 5. júlí 2019). L. 91/2019 (tóku gildi 1. jan. 2020 nema 133. gr. sem tók gildi 16. júlí 2019).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Markmið og skilgreiningar.**■ 1. gr. Markmið.**

□ [Markmið laga þessara er að tryggja reglulegt samráð og upplýsingaskipti milli ráðherra og Seðlabanka Íslands í því skyni að efla og varðveita fjármálastöðugleika í almannahlágu, sporna við uppsöfnun kerfisáhættu og stuðla að samhæfðum viðbrögðum við sérstakar aðstæður. Í því skyni er fjármálastöðugleikaráði falið skilgreint hlutverk samkvæmt lögum þessum.]¹⁾

¹⁾ L. 91/2019, 23. gr.

■ 2. gr. Orðskýringar.

□ Í lögum þessum merkir:

1. ...¹⁾
2. ...¹⁾

3. *Fjármálakerfi:* Allir lögaðilar sem stunda fjármála-starfsemi í skilningi laga um opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi, þ.m.t. opinberir lánasjóðir og lífeyrissjóðir, svo og fjármálamarkaðir, [kerfislega þýðingarmikil greiðslu- og uppgjörskerfi og Seðlabanki Íslands].¹⁾

4. ...¹⁾
5. ...¹⁾

6. *Fjármálastöðugleiki:* Það ástand þegar ekki er rof eða veruleg truflun á starfsemi fjármálakerfisins og það býr yfir nægum viðnámsþrótti til að þola áföll og ójafnvægi án þess að veruleg neikvæð áhrif verði í miðlun fjármagns, miðlun greiðslna og dreifingu áhættu.

7. ...¹⁾

8. *Kerfisáhætta:* Þegar samspil fjármálakerfis og þjóðarbúskapar felur í sér hagsveiflumögnun, fjármálafyrirtæki verða viðkvæm fyrir aðgerðum annarra aðila og hætta er á atburðarás sem getur ógnað fjármálastöðugleika með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á þjóðarbúskapinn.

9. ...¹⁾

¹⁾ L. 91/2019, 24. gr.

II. kafli. Fjármálastöðugleikaráð.**■ 3. gr. Hlutverk og skipan.**

□ Fjármálastöðugleikaráð er formlegur samstarfsvettvangur stjórnvalda um fjármálastöðugleika.

□ [Í fjármálastöðugleikaráði sitja ráðherra, og er hann formaður ráðsins, og seðlabankastjóri. Formaður kallar ráðið saman til fundar þrisvar sinnum á ári en oftast telji annar ráðsmanna þörf á.]¹⁾ Fjármálastöðugleikaráð setur sér starfsreglur og heldur gerðabók á fundum sínum.

□ [Seðlabanki Íslands veitir ráðinu þær upplýsingar sem ráðið óskar eftir til að sinna hlutverki sínu og ber sjálfur þann kostnað sem af hlýst.]¹⁾ Umsýsla vegna fjármálastöðugleikaráðs og undirbúningur funda þess er á hendi ráðuneytisins.

¹⁾ L. 91/2019, 25. gr.

■ 4. gr. Almenn verkefni.

□ Fjármálastöðugleikaráð er vettvangur samráðs, upplýsingaskipta og stefnumótunar vegna fjármálastöðugleika og samhæfir viðbúnað opinberra aðila [þegar fjármálastöðugleika er ógnað].¹⁾

□ Helstu verkefni fjármálastöðugleikaráðs eru eftirfarandi:

- a. að móta opinbera stefnu um fjármálastöðugleika,
- b. að [vakta]¹⁾ efnahagslegt ójafnvægi, áhættu í fjármálakerfinu, óæskilega hvata og aðrar aðstæður sem eru líklegar til að ógna fjármálastöðugleika,
- c. [að meta árangur af þjóðhagsvarúðartækjum],¹⁾
- d. ...¹⁾

□ Fjármálastöðugleikaráð skal einkum byggja á tillögum eða greiningu [Seðlabanka Íslands]¹⁾ við vinnslu verkefna skv. 2. mgr.

¹⁾ L. 91/2019, 26. gr.

■ 5. gr. ...¹⁾

¹⁾ L. 91/2019, 27. gr.

■ 6. gr. Sérstakar aðstæður.

□ [Fjármálastöðugleikaráð fundar sérstaklega þegar fjármálastöðugleika er ógnað eða hætta er á atburðum sem geta valdið umtalsverðum smitáhrifum eða tjóni á fjármálamarkaði. Seðlabanki Íslands skal upplýsa ráðherra, án tafar, telji bankinn að aðstæður skv. 1. másl. hafi skapast.]¹⁾

□ Ráðið leggur mat á til hvaða nauðsynlegu aðgerða eða ráðstafana þurfi að grípa ...¹⁾ og samræmir aðkomu stjórnvalda.

□ [Ráðið skal upplýsa efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um helstu aðgerðir og ráðstafanir skv. 2. mgr.]¹⁾

¹⁾ L. 91/2019, 28. gr.

III. kafli. ...¹⁾

¹⁾ L. 91/2019, 29. gr.

IV. kafli. Ýmis ákvæði.**■ 9. gr. Gagnaöflun. Þagnarskylda.**

□ [Seðlabanki Íslands afhendir fjármálastöðugleikaráði upplýsingar og gögn sem hann býr yfir og ráðið telur nauðsynleg vegna hlutverks síns.

□ Upplýsingar sem veittar eru ráðinu lúta þagnarskyldu samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands.]¹⁾

□ [Þeir sem sitja í fjármálastöðugleikaráði ...¹⁾ eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga.]²⁾

¹⁾ L. 91/2019, 30. gr. ²⁾ L. 71/2019, 5. gr.

■ 10. gr. Gagnsæi.

□ [Fjármálastöðugleikaráð skal gera fundargerðir sínar opinberar innan eins mánaðar frá því að fundur er haldinn, nema ætla megi að opinber birting geti haft neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika.]¹⁾

□ Fjármálastöðugleikaráð skal árlega, og oftast ef þörf er á, gera Alþingi grein fyrir meginþáttum í störfum sínum. Birta skal opinberlega starfsreglur fjármálastöðugleikaráðs ...¹⁾

□ Formaður fjármálastöðugleikaráðs skal halda ríkisstjórninni upplýstri um störf ráðsins og viðbúnað stjórnvalda og viðbragðsáætlanir við sérstakar aðstæður. Formenn stjórnmalaflokka á Alþingi, sem ekki eru jafnframt ráðherrar, skulu upplýstir með sama hætti. Ef formaður fjármálastöðugleikaráðs ...¹⁾ krefst þess að trúnaður ríki um veittar upplýsingar skal gæta fyllstu þagmælsku um þær.

□ Ákvæði upplýsingalaga og stjórnsýslulaga um aðgang að gögnum gilda ekki um fundargerðir og þau gögn sem eru unnin fyrir fjármálastöðugleikaráð ...¹⁾ eða eru þar til meðferðar.

¹⁾ L. 91/2019, 31. gr.

■ 11. gr. Hæfisskilyrði.

□ Þeim sem sitja í fjármálastöðugleikaráði ...¹⁾ er óheimilt að sinna störfum sem geta verið til þess fallin að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa.

- Þeir sem sitja í fjármálastöðugleikaráði . . . ,¹⁾ sem og allir þeir sem sitja fundi ráðsins . . .¹⁾ eða starfa á [þess]¹⁾ vegum, skulu hver fyrir sig og af sjálfsdáðum gæta að ábyrgð sinni varðandi meðferð innherjaupplýsinga og stöðu innherja samkvæmt ákvæðum laga um verðbréfavíðskipti.
¹⁾ L. 91/2019, 32. gr.
- **12. gr. Gildistaka.**
- Lög þessi öðlast þegar gildi.